

SÍTÓN

SAMBAND ÍSLENSKRA TÓNBOKAÚTGEFENDA



# Nótnarit í Gegni

Greinagerð til almennrar kynningar á úttekt  
fyrir Samband íslenskra tónbókaútgefenda um  
skylduskráð nótnarit í landskerfi bókasafna

Gylfi Garðarsson

mars 2015

<b>Efnisyfirlit</b>	<u>bls.</u>
Inngangur .....	2
Af hverju Gegnir? – Möguleikar og takmarkanir .....	3
Námundun fyrir tónlistarskóla og kirkjustarf .....	3
Megintölur .....	4
Útbreiðsla og tiltækt magn tónverka – Stakrit : Smásafn : Safnrit .....	4
Fótspor útgefenda SÍTÓN í bókasöfnum og grunnskólum .....	5
Höfundar tónbóka og útgefendur .....	5
Ágrip af útgáfusögu íslenskra tónbóka fyrir skóla og kirkjur .....	6
• Sögulega stærstu upplagstölur .....	6
• Íslenskt tónmenntaefni fyrir grunnskóla .....	6
• Íslenskt kennsluefni fyrir tónlistarskóla .....	6
• Íslenskt nótnaefni fyrir kirkjustarf .....	7
Nótnaþjónusta „lærðra“ tónskálda – Íslensk tónverkamiðstöð .....	8
Samantekt og staða SÍTÓN í Fjölís.....	9
Ýmsar gagnatöflur og gagnamyndir .....	10-13

# Nótnarit í Gegni

Guðfinna Guðlaugsdóttir  
Marta E. Sigurðardóttir

## Ópus 1

Grunnnámi í tónfræðum

### Greinagerð til almennrar kynningar



## Úttekt á nótnaritum skráðum í Gegni, landskerfi bókasafna

### Inngangur

Þegar Samband íslenskra tónbókaútgefenda (SÍTÓN) fékk aðild að hagsmunafélaginu Fjölís í árslok 2013 lá fyrir að meta þyrfti umfang réttinda SÍTÓN gagnvart viðsemjendum Fjölís, sérstaklega tónlistarskólum, kirkjum og kórum. Sem lið í því verkefni ákvað ég að athuga hvort landskerfi bókasafna, Gegnir, gæti með fljótlegum hætti gefið haldgóðar vísbendingar um líklega niðurstöðu beinnar könnunar. Gerði ég í þessum tilgangi úttekt í Gegni á efni nótnarita á íslensku, sem höfðu komið út árin 1990-2013 og eru vegna skylduskráningar staðsett í Landsbókasafni-Þjóðarþóklöðu. Var úttektin gerð vorið 2014.

Af ástæðum sem tilgreindar eru síðar voru sérstaklega athugaðar tónbækur sem eru safn- og kennslurit en ekki stök tónverk eða smásöfn með undir 10 verkum í riti. Almennir kórar eru þeir viðsemjendur Fjölíss sem nota helst stök tónverk og merki um þá notkun er hvergi að finna í Gegni. Því er ekki lagt mat á umfang eða tegund nótnarita í kórstarfi í þeirri greinagerð sem hér birtist. Úttektin sýnir hins vegar greinilegar vísbendingar um notkun nótnarita með yfir 10 verk í riti (safnrit), tónlistarkennslurita og hliðstæðra tónbóka í almennum skólum, tónlistarskólum og kirkjum. Helstu niðurstöður úr þessum athugunum voru settar upp í töflur og skýringar í greinagerð fyrir stjórn Fjölís í maí 2014. Sú greinagerð sem hér birtist er ætluð til almennrar kynningar. Með nánari athugun gagnanna eftir maí 2014 hafa niðurstöður breyst lítillega vegna nýrra upplýsinga og ítarlegri úrvinnslu.

Heimildir vegna söguágrípa bls. 5-7 eru af mörgum toga svo sem óútgefin gögn, viðtöl, háskólaritgerðir, skýrslur, vefsíður, bækur o.fl. án þess að þeirra sé nánar getið. Ágrípin voru borin undir fólk með langa reynslu á hverju sviði og lagfærð eftir ábendingum þeirra.

Vona ég að þessi litla greinagerð varpi ljósi á framlag tónbókaútgefenda innan SÍTÓN og mikilvægi tónbókaútgáfu í mennta- og menningarmálum landsins.

Gylfi Garðarsson, mars 2015

[www.siton.is](http://www.siton.is)

## Af hverju Gegnir? – Möguleikar og takmarkanir varðandi nótnarit

Vegna skylduskila á útgefnu prentefni til Landsbókasafns-Þjóðarbókhöfu (Lbs-Þ) ásamt öðrum skráningum í landskerfi bókasafna er mögulegt á vefsíðu Gegnis ([www.gegnir.is](http://www.gegnir.is)) að greina þökkalega mynd af gerð og umfangi útgefna nótnarita á Íslandi. Vegna þátttöku bókasafna grunn-, framhalds- og háskóla í kerfinu veitir slík athugun jafnframt raunhæfa vísbendingu um útbreiðslu útgefna nótnarita í skólunum sem þar koma fram. Þótt upplýsingar í Gegni veiti ekki svör um notkun nótnarita í tónlistarskólum, kirkjum og kórum þá fæst með þeim haldgóð námundun á slíkri notkun sé gengið út frá að þessir aðilar sækist öðru fremur eftir tónbókum og nótnaritum sem innihalda efni með íslenskum texta, falla vel að kröfum líðandi tíma (nýrri útgáfur) og eru almennt tiltæk, þ.e. útbreidd í landskerfi bókasafna.



Skráningar í Gegni staðfesta mikilvægustu grunnupplýsingar um hvaða nótnarit hafa verið gefin út, útgáfuár, blaðsíðutal, höfundanöfn, útgefendur og útbreiðslu eintaka innan kerfisins. Oft má finna í skráningunni ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar eins og nöfn útsetjara og nótnasetjara, heiti verka í safnríti o.fl. Slíkar og aðrar tónlistarfaglegar upplýsingar eru þó fremur óskipulagðar í kerfinu þannig að ítarleg flokkun nótnaefnis er torsótt með Gegni. Helsti annmarki kerfisins er að ýmsir grundvallarmöguleikar til úttektar úr því vegna úrvinnslu gagna eru ekki til staðar. Nægir þar að nefna sem dæmi útlánasögu rita og listun staðlaskráðra rita (ISBN, ISMN, ISSN). Í þessari úttekt eru þeir kostir sem þó eru í kerfinu nýttir eftir föngum, t.d. sá eiginleiki Gegnis að veita upplýsingar yfir hvar einstök rit er að finna og í hvaða magni. Námundun sem úttektin veitir, um notkun nótnarita hjá aðilum utan kerfisins, getur vel átt við um tónlistarskóla og kirkjur en tæplega um almenna kóra, utan kirkna. Hjá slíkum kórum byggist notkun nótnaefnis að verulegu leyti á handritum sem ganga á milli kórstjóra (t.d. óskráðar útsetningar) eða stökum verkum í sérútgáfu sem eru fágæt í Gegni og illgreinanleg þar.

## Námundun fyrir tónlistarskóla og kirkjustarf

Ástæða þessarar úttektar, eins og segir í inngangi, var að leiða fram vísbendingar um hvaða nótnarit í kerfi Gegnis eru líklegast notuð í starfi tónlistarskóla eða í söng og orgelleik í kirkjum. Tilgátan er að þetta komi í ljós með því að skoða gerð ritanna og tiltæki eða dreifingu um söfn og skóla í Gegni. Eðlilega eru meiri líkur á að kennslubækur og safnrít til leiðbeiningar í hljóðfæraleik og söng séu notaðar í tónlistarkennslu en stakar tónsmíðar útgefna til tónleikaflutnings atvinnumanna í söng og hljóðfæraleik. Sömuleiðis er líklegra að dreifing á fleiri skóla og bókasöfn í Gegni vitni um útbreiddari notkun, sérstaklega í tónlistarkennslu. Rit sem er aðeins að finna í einu safni eða skóla hefur væntanlega lítið vægi utan þess safns/skóla auk þess sem innihald og eðli efnisins gefur til kynna hvort það er líklegt til að nýtast á grunnstigi tónlistarkennslu eða kirkjustarfi að öðru leyti. Síðast en ekki síst skiptir máli hvort ritið er á íslensku og hve nýlegt það er. Með þessi atriði í huga má sjá skýrar vísbendingar í Gegni um hvaða íslensk nótnarit eru líkleg til að vera í notkun í tónlistarskólum og kirkjum. Mesta samþjöppun þessara atriða (273 stk) er að finna í Lbs-Þ, þ.e. neðst til hægri í Töflu 1 á næstu blaðsíðu.

Þessi 273 rit í Lbs-Þ voru athuguð nánar varðandi eftirfarandi atriði:

- Titill
- Útgafandi
- Höfundur
- Fjöldi tónverka í ritinu (nema fræðirit)
- Tegund rits (stakrit-smásafn-safnrít-fræðirit)
- Útgáfuár
- Blaðsíðufjöldi
- Fjöldi eintaka í Gegni
- Staðsetningar eintaka um landið

## Megintölur

Með einföldustu athugun í Gegni kom fram að óflokkaður heildarfjöldi skráðra nótnarita í kerfinu var **13.233** rit, gefin út bæði á Íslandi og erlendis. Þar af voru flest skráð í bókasafn Listaháskóla Íslands-Sölvhóli (Lhí-S) eða 7.547 rit. Hins vegar voru **273** nótnarit á íslensku með skráð útgáfuár 1990-2013, staðsett í Þjóðarbókhöfðu (Lbs-Þ), þar sem skylduskráning útgefins prentefnis fer fram (123 voru í aðalsafni Borgarbókasafns og 28 í Amtsbókasafni Akureyrar).

### Tafla 1


#### Fjöldi nótnarita í Gegni og megin staðsetningar

Skýring	Öll tungumál			Á íslensku		
	Öll söfn	Lhí-S	Lbs-Þ	Öll söfn	Lhí-S	Lbs-Þ
Öll útgáfa - öll ár	<b>13.233</b>	7.547	2.334	3.517	1.465	1.119
(Innlend útgáfa - öll ár	4.800	1.448	1.225	3.431	1.448	<b>1.040</b> )
Öll útgáfa á árunum:						
1970-2014 (44 ár)	6.938	4.825	662	1.934	913	446
1980-2014 (34 ár)	5.856	4.168	496	1.745	833	369
1990-2014 ( <b>24 ár</b> )	4.660	3.366	346	1.466	702	<b>273</b>

## Útbreiðsla og tiltækt magn tónverka – Stakrit : Smásafn : Safnrit

Sé hvert rit skoðað nánar má sjá útbreiðslu þess, þ.e. hversu víða það er tiltækt og í hvaða upplagi. Úttektin sýnir fram á afgerandi mun á útbreiðslu rita í bókasöfnum eftir því hvort þau innihalda fá tónverk eða eru safnrit með yfir 10 tónverk. Óhjákvæmilegt er að aðgreina tölurnar með hliðsjón af þessu og þess vegna eru nótnarit með stakt verk hér tiltekin sem nótna-stakrit. Nótnarit sem innihalda 2-9 verk eru nefnd nótna-smásafn og nótnarit með 10 verk eða fleiri nefnd nótna-safnrit.

Eins og getið er í inngangi var sérstaklega kannaður sá hluti ritanna sem er á íslensku, með skráð útgáfuár 1990-2013 og eru vegna skylduskila staðsett í Lbs-Þ. Voru þau 273 talsins. Við fyrstu skoðun sást að 10 rit uppfylltu ekki skilyrði könnunarinnar og voru þau ekki skoðuð nánar. Ritin sem þá stóðu eftir skiptust í eftirfarandi flokka: Fræðirit voru 16 talsins og af þeim eru 94 eintök í öllu kerfinu. Nótna-stakrit voru 23 að tölu og af þeim 66 eintök í öllu kerfinu. Nótna-smásöfn voru 31 og af þeim 238 eintök í öllu kerfinu. Nótna-safnrit reyndust 193 talsins og af þeim eru um **4.800** eintök í öllu kerfinu, þ.e. um 73 sinnum fleiri en stakritin og 20 sinnum fleiri en smásöfnin.



Ástæður þess að safnritin eru tugfalt útbreiddari en stakrit og smásöfn geta verið ýmsar en sú augljósasta er lægra einingaverð verka. Safnrit eru mun ódýrari pr. verk en rit með 1-10 verkum en uppfylla þrátt fyrir það þarf margfalt fleiri notenda. Einföld framsetning er önnur líkleg ástæða.

Rétt er að hafa í huga að stór hluti þeirra 702 nótnarita sem skráð eru í safni Lhí-S 1990-2013 eru einmitt stakrit. Hins vegar hefur bróðurparti Lhí-S safnsins ekki verið skilað til skráningar í Lbs-Þ eins og reglur gera ráð fyrir um formlega útgefin prentverk. Megnið af nótnaritum Lhí-S eru frá Íslenskri tónverkamiðstöð (ÍTM) sem nánar er fjallað um síðar. Með slembiskoðun sést að lítið sem ekkert af þessum ritum finnst í öðrum bókasöfnum en Lhí-Sölvhóli, sem bendir sterklega til að að svo til engin eftirspurn sé eftir þeim til kennslu í grunnskólum, á grunnstigi tónlistarnáms (um 85% nemenda) eða í megin tónlistarstarfi kirkna.

Hvað sem öðru líður þá staðfestir hin mikla útbreiðsla nótna-safnrita í Gegni að notendur bókasafna sækjast fyrst og fremst eftir nótnaritum sem innihalda mörg verk. Í því ljósi er rétt að skoða hversu mörg verk eru í hverju riti til að reikna út heildarframboð útgefna verka sem eru tiltæk í bókasöfnum



útbreidd að mati útgefenda þeirra og höfunda en í þeim tilfellum þegar afritun er heimil vegna samninga við Fjölís hafa þessir réttthafar fengið litlar sem engar af þeim leyfisgreiðslum sem þó berast Fjölís.

## Ágrip af útgáfusögu íslenskra tónbóka fyrir skóla og kirkjur

- **Sögulega stærstu upplagstölur**

Sögulega hafa stærstu upplög af innlendu nótnaefni komið út á vegum kirkjunnar og Ríkisútgáfu námsbóka, sem varð Námsgagnastofnun eftir 1980. Lengst af 20. aldar var sálmanótnabókum dreift um sóknir landsins með tilstyrk þjóðkirkjunnar en tónmenntakennsluefni Ríkisútgáfunnar á árunum 1950-1980 var dreift endurgjaldslaust í bekkjarsettum um alla barnaskóla/grunnskóla.

- **Íslenskt tónmenntaefni fyrir grunnskóla**

Tónmenntakennsla hefur verið á dagskrá grunnskóla frá miðri 20. öld en útgáfa kennsluefnis fyrir greinina, sem lengst af var einokun af Ríkisútgáfunni, hefur að mestu verið lítil og stefnulaus. Áberandi undantekning var á 8. áratugnum þegar menntamálaráðuneytið stóð fyrir þróunarstarfi sem var unnið í rúman áratug og skilaði af sér metnaðarfullri stefnumótun fyrir tónmennt í grunnskólum ásamt kennsluefni sem Ríkisútgáfan gaf út ([http://www.musik.is/Pistlar/herdis\\_Oddsdottir-Namsefnisgerd-i-tonmennt.pdf](http://www.musik.is/Pistlar/herdis_Oddsdottir-Namsefnisgerd-i-tonmennt.pdf)).



Þetta efni er enn í notkun hjá sumum tónmenntakennurum, yfir 30 árum síðar. Til stóð að auka verulega við það kennsluefni sem tónmenntakennara vantaði svo sárlega á þeim árum en örlög þessa metnaðarfulla framfarastarfs réðust þegar Alþingi kom því til leiðar að Skólarannsóknardeild var lögð niður 1984 undir brigsjum um vinstri sinnuð og óþjóðrækin viðhorf! Samfara því var losað um einokun Námsgagnastofnunar og fengu kennarar heimildir í litlum mæli til að afla sér efnis eftir öðrum leiðum. Óskir tónmenntakennara hafa reyndar oftast víkið fyrir innkaupum annara kennslugreina en þrátt fyrir það hefur fjölbreytt efni frá Námsgagnastofnun og öðrum útgefendum undanfarin 20-30 ár án efa seytilað í hendur tónmenntakennara í grunnskólum þótt kaup á bekkjarsettum heyri til undantekninga. Að ríkisstyrktum tónbókum Námsgagnastofnunar frátöldum virðast tónbækur frá Nótuútgáfunni og Skálholtsútgáfunni hafa fengið bestu móttökur tónmenntakennara m.v. tölur í Gegni. Telja má víst að tónmenntakennarar í grunnskólum hafi almennt nýtt sér flestar innlendar tónbækur útgefnar undanfarin 30 ár, hafi þær á annað borð getað gagnast í kennslunni. Það sem Námsgagnastofnun hefur ekki skaffað hafa kennararnir útbúið sjálfir eða útvegað frá öðrum svo sem tónbókaútgefendum sem eru nú skjólstæðingar SÍTÓN.


Í maí 2014 bauð Námsgagnastofnun á vefsíðu sinni upp á tónmenntaefni með miðlum eins og tónbókum, vefsíðum, DVD og CD diskum og samfélagsritum. Eiginlegar tónbækur voru 11 talsins, þar af 4 hrein nótnarit. Öll nema eitt komu út árið 2000 eða síðar en þetta eina eldra kom út árið 1949.

- **Íslenskt kennsluefni fyrir tónlistarskóla**

Fyrstu lög Alþingis um fjárstuðning við tónlistarskóla voru sett árið 1963 og tryggðu rekstrargrunn elstu tónlistarskóla landsins. Þessum tímamótum fylgdu engar ráðstafanir um útgáfu á innlendu kennsluefni þrátt fyrir tilmæli skólastjóranna í þeim efnunum til ráðherra. Námsgögn tónlistarskóla einskorðuðust því mjög lengi við erlendar kennslubækur og nótnasafnrít (Czerny, Bach, Beethoven, Bartok osfrv.) ásamt heimagerðu efni kennara í aukagreinum tónlistar, jafn misjöfnu að gæðum og þeir voru margir. Efling innlendar námsgagnaútgáfu í tónlist var greinilega aftarlega í forgangsröð skólanna og fagfélaga tónlistarmanna (FÍH, Tónskáldafélagið ofl.). Fyrsta tónbók sem nokkuð kveður að sem kennsluefni í tónlistargreinum var Stafróf tónfræðinnar eftir Jón Þórarinsson, útgefin af Menningarsjóði 1962. Stóð

sú bók sem eina markverða framlagið á þessu sviði í meira en áratug. Örfá kennsluhefti í hljóðfæraleik, útbúin af framtakssömum kennurum fyrir sína nemendur, voru gerð af vanefnum hér og þar án þess að styðjast við samræmda stefnu í tónlistarfræðslu. Samræmdri námsskrá var ekki til að dreifa fyrr en í bráðabirgðarútgáfu árið 1996. Glæsileg undantekning frá þessari stöðu mála var Gítarskóli Eyþórs Þorlákssonar, sem kom út 1974. Þar var á ferðinni metnaðarfullt kennslurit í vandaðri útgáfu sem varð m.a. til þess að Ríkissjónvarpið tók þátt í gerð kennslubátta með efninu við miklar vinsældir. Með réttu hefði þetta framtak Eyþórs og RÚV átt að hrinda af stað álíka vönduðu efni fyrir önnur hljóðfæri og fræðigreinar tónlistarinnar en því miður fór ekki svo.

Með breytingum á lögum um tónlistarskóla 1975 opnaðist möguleiki á stofnun tónlistarskóla á mun fleiri stöðum en áður og fjölgaði skólunum talsvert í kjölfarið. Um svipað leyti tóku framhaldsmenntaðir nemendur hinna fyrri laga um tónlistarskóla að skila sér í auknum mæli til starfa við tónlistarkennslu og er rökrétt að álykta að áhrif frá framhaldsnámi í Evrópu og víðar hafi hleypt



kappi í kinnar tónlistarkennara um að bæta úr hinu fátæklega framboði af innlendu kennsluefni.

Eins og alkunna er verða vandaðar kennslubækur sjaldnast til nema með opinberum fjárstuðningi og í þeim efnum komu tónlistarkennarar ævinlega að lokuðum dyrum stjórnvalda. Hin grátlega vanþróun sem lengi hafði hrjáð útgáfu innlendra kennslubóka í tónlist hélt því áfram og hlýtur að skrifast að mestu á algert fálæti stjórnvalda um þetta svið því ekki skorti áhugasama kennara eða góðar hugmyndir. Af mörgum samverkandi ástæðum, ekki síst vegna tónlistarskólanna, var almenn þátttaka í tónlist orðin mjög víðtæk um 1980 og fór ört vaxandi. Grundvöllur til formlegrar útgáfu tónbóka fór því batnandi og má segja að á níunda áratugnum taki innlendra tónbókaútgáfu smám saman að vaxa fiskur um hrygg. Með tilkomu byltingarkennds hugbúnaður til nótnasetningar á árunum 1985-1992 bötnuðu útgáfumöguleikar svo um munaði og má rekja mesta vöxt í innlendra nótnaútgáfu til þeirrar breytingar. Þótt tónbókakostur tónlistarskóla sé ókannaður gefur spjall við kennara og skólustjóra tónlistarskóla um málið fljótt þá mynd að stór hluti af kennsluefni skólanna í dag sé ennþá kennslubækur og safnrit með sígildum evrópskum tónsmíðum Barokks, Klassíkur og Rómantíkur. Þetta er hið þrautreynda kennsluefni sem hefbundni tónlistarskólinn byggir á. Því til viðbótar hafa undanfarin 20 ár bæst í þessa flóru enskar og bandarískar útgáfur með vinsælli 20. aldar tónlist hinna enskumælandi landa. Og sem fyrr segir hefur hlutur innlendra tónbóka verið í stöðugum vexti frá 1980 þannig að í dag fást vandaðar tónbækur á íslensku fyrir flest hljóðfæri á grunn- og miðstigi. Á það jafnt við um hreinar kennslubækur í hljóðfæraleik og aukagreinum, listrænar útgáfur og safnrit með sértæku efni eins og jólasöngvum, þjóðlögum, tímabilsúrvali o.s.frv. Gott dæmi um þessa jákvæðu þróun sést á því að nú fer tónfræðanám víðast hvar að mestu fram með íslensku efni í ýmsum útgáfum.

- **Íslenskt nótnaefni fyrir kirkjustarf**



Gerð nótnefnis fyrir tónlistarstarf í kirkjum landsins má rekja allar götur aftur til naumuritunar á skinnhandrit á 12. öld (Lectioarium Romanum). Fyrsta prentaða nótnabók landsins var hins vegar gefin út af Guðbrandi biskup árið 1589 (Hólabók). Í Skálholti var Grallarinn fyrst prentaður árið 1594. Þessi tvö nótnarit þjónuðu svo kirkjusöfnuðum næstu 200 ár. Árið 1801 annaðist Magnús Stephensen útgáfu nýrrar sálmanótnabókar með nútíma nótnaletri og komu út þrennir viðbætur við hana til 1866.



Árið 1888 gaf Jónas Helgason dómorganisti út Kirkjusöngsbók í eigin nafni. 1935 stóð Þjóðkirkjan sjálf fyrir útgáfu sálmásöngsbókar, sem dómorganistarnir Sigfús Einarssona og Páll Ísólffson höfðu forystu um. Um áratugi var sú bók endurprentuð óbreytt en 1976 kom út viðbætur. Útvegum nótnaefnis til kirkjunotkunar var að öðru leyti sinnt af organistum sjálfum, stundum með tilstyrk sjóða Þjóðkirkjunnar eða Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Við stofnun Skálholtsútgáfunnar á 10. áratugnum má segja að tónlistarstarf í kirkjum hafi loksins fengið þá nótnaþjónustu sem það þurfti. Með Biskupsstofu að bakhjarli hefur Skálholtsútgáfan lyft grettistaki í útgáfu nótnaefnis fyrir kirkjustarfið þannig að allur messusöngur fer nú fram á grunni nýlegra sálmásöngbóka og orgelbóka útgáfunnar og samsöngur barna og fleiri hópa styðst að mestu við kórahefti útgáfunnar (Söngvaseiður 1-16). Er það efni einnig mikið nýtt í barna- og kvennakórum utan kirkjunnar, t.d. í grunnskólum þar sem kórastarf fer fram og sér þess greinileg merki í kerfum Gegnis.

## Nótnaþjónusta „lærðra“ tónskálda – Íslensk tónverkamiðstöð

Íslensk tónverkamiðstöð (ÍTM) var stofnuð árið 1968 eftir langan undirbúning Tónskáldafélags Íslands. (<http://www.musik.is/BjarkiSve/tonskaldafelagid/Sagan/iston1.html>) Er miðstöðin rekin sem félagasamtök til skráningar, varðveislu og erlendra kynningar nótnaverka íslenskra tónskálda. ÍTM nýtur árlegs stuðnings úr ríkissjóði (10-15m./ári undanfarin ár) og sætir ýmsum kvöðum vegna þess.

Á eftir stofnunum ríkis og kirkju má segja að ÍTM sé elsti þjónustuveitandi landsins með nótnaefni.

Af óflokkuðum nótnarritum í Gegni eru lang flest skráð frá ÍTM. Útbreiðsla þeirra er hins vegar engin.

Í maí 2014 höfðu 1.916 nótnarit frá ÍTM verið skráð í öllu kerfi Gegnis frá upphafi. Af þeim voru 98% staðsett í Listaháskóla Íslands-Sölvhóli (Lhí-S) en aðeins örfá á öllum öðrum staðsetningum í kerfum Gegnis. Aðeins 18 rit voru staðsett í Lbs-P þar sem skylduskráning útgefins prentefnis fer fram. Fyrir útgáfuárin 1990-2013 voru 1.315 nótnarit ÍTM skráð í kerfið, þar af 99% staðsett í Lhí-S en **aðeins 6 rit** í Lbs-P. Þessi staða endurspeglar ágætlega eitt megin hlutverk ÍTM, þ.e. að annast skráningu og vistun nótnaverka en ekki stunda formlega útgáfu fyrir almennan markað. Annað megin hlutverk ÍTM er kynning á verkum íslenskra tónskálda erlendis ásamt sölu og leigu nótna sem af því leiðir. Þjónusta ÍTM við innlenda tónlistarstarfsemi hefur aðallega falist í útvegum nótna af íslenskum tónverkum vegna tónleika hljóðfærahópa, sérstaklega Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Enn fremur hafa innlendir kórar notað þjónustu ÍTM í nokkrum mæli til að nálgast íslensk kórverk.

Vegna þeirrar stefnu sem ÍTM er mörkuð hefur útgáfa félagsins á efni til kennslu og leiðbeiningar í tónlistarnámi verið lítil sem engin og svipaða sögu má segja um þjónustu við tónlistarstarf í kirkjum landsins. Það hefur því komið í hlut annara að standa fyrir gerð og útgáfu tónbóka fyrir tónlistarkennslu og kirkjustarf. Af öllu þessu má með talsverðri vissu ráða að aðeins örbrot af skráðum ritum ÍTM er í almennri notkun hjá skólum, kirkjum og kórum.

### Tafla 2

#### Fjöldi nótnarita í Gegni – Íslensk tónverkamiðstöð (ÍTM)

Skýring	Öll tungumál			Á íslensku		
	Öll söfn	Lhí-S	Lbs-P	Öll söfn	Lhí-S	Lbs-P
Öll ár	<b>1.916</b>	1.882	21	890	865	<b>18</b>
1970-2014 (44 ár)	1.627	1.604	16	736	719	14
1980-2014 (34 ár)	1.541	1.521	15	697	682	14
1990-2013 (24 ár)	1.315	1.305	7	592	585	<b>6</b>

## Samantekt og staða SÍTÓN í Fjölís

Talnaupplýsingar í úttekt þeirri sem hér er fjallað um sýna með yfirgnæfandi líkum að innlent framlag á tónlistarefni sem notað er í skólum og kirkjum landsins samanstandi að stærstum hluta af nótna-safnrítum og tónlistarkennslurítum. Þá staðfesta gögnin að flestar skylduskráðar tónbækur í þessum flokkum voru útgefnar af félagsmönnum í SÍTÓN (*Tafla 4 a-b - bls. 11*). Eru þeir jafnframt höfundar sjálfra bókanna í flestum tilfellum. Næst flest þessara rita komu frá útgefendum utan félagasamtaka.

Umfang réttinda SÍTÓN gagnvart viðsemjendum Fjölís á sviði tónlistar virðist samkvæmt úttektinni nálgast helming íslensks tónbókakosts skóla og kirkna. Stefnir það í svipað hlutfall og þekkist á öðrum Norðurlöndum. Eins og í nágranalöndum Íslands er hér á landi almenn venja að eitt hagsmunafélag annist réttindavörslu á sínu sérsviði þótt einstakir rétthafar séu ekki skráðir í það félag. Miðað við það ætti að vera sjálfgefið að SÍTÓN fari með réttindi allra tónbókaútgefenda innan Fjölís þótt hluti þeirra séu ekki í félaginu. Sú venja gildir til að mynda um önnur aðildafélög Fjölís.

Á síðasta stjórnarfundum Fjölíss árið 2014 var boðuð ákvörðunartaka um umfang réttinda hvers aðildarfélags í Fjölís fyrir tónlistarsamninga. Þar lagði SÍTÓN til að frá 1. janúar 2014 yrðu réttindi tónbókaútgefenda í tónlistarsamningum hóflega metin 25% og að forræði tilheyrandi réttindatekna féllu í hlut SÍTÓN. Var tillagan rökstudd m.a. með þeim afgerandi vísbendingum sem úttektin í Gegni leiddi í ljós. Lagt var til að þessi skipan gildi þar til beinar kannanir lækju fyrir. Meirihluti stjórnar Fjölíss sýndi rökum SÍTÓN hins vegar engan áhuga og vísaði þeim öllum á bug. Skipaði meirihlutinn öðrum rétthafasamtökum réttindi sem svarar 93,75% af tónlistarsamningum en SÍTÓN aðeins 6,25%. Þannig var staðan í ársbyrjun 2015.

# Ýmsar gagnatölur og gagnamyndir

**Tafla 3**


## Nótnarit á íslensku, skylduskráð í Þjóðarbókhöfu – Útgefin 1990-2013

Skýring	Rit	Verk í ritum	Fjöldi rita í Gegni	Tiltæk verk*
Endurútg., erlent o.fl.	10	480	70	16.320
Fræðirit	16		94	
Stök tónverk	23	23	66	66
Smásöfn (2-9 verk)	31	159	238	1.306
<b>Safnrit (&gt;10 verk)</b>	<b>193</b>	<b>8.805</b>	<b>4.799</b>	<b>327.688</b>
Samtals	<b>273</b>	9.467	5.267	345.380


\* Heildarfjöldi tiltækra verka eftir tegund nótnarita í öllu kerfi Gegnis

### Magnhlutföll eftir gerð nótnarita


a)




b)



c)



d)



## Tafla 4

Megin hópar útgefenda tónbóka. Hlutfall hvers hóps í íslenskum nótnarritum, útgefnum 1990-2013, skylduskráð í Þjóðarbókhöfu


UF: Útgefendur utan félagasamtaka  
 SÍTÓN: Útgefendur innan Sambands ísl. tónbókaútgefenda  
 FÍBÚT: Útgefendur innan Félags ísl. bókaútgefenda  
 STEF: Útgefendur tengdir Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálda og textahöfunda

### a) Fyrir stofnun SÍTÓN (2011) – Eftir stofnun SÍTÓN (2014) – Fjöldi útg. nótna-safnríta


#### a) Útgefendahópar nótna-safnríta 2011 og 2014

Útgefendur	Fjöldi útg. rita	
	2011	2014
Áður UF, nú í SÍTÓN	53	87
Innan FÍBÚT	59	30
Innan STEF	10	10
UF: Utan félagasamtaka	63	66
<b>Samtals</b>	<b>185</b>	<b>193</b>


#### Útgefendahópar nótna-safnríta 2011



#### Útgefendahópar nótna-safnríta 2014



### b) Hópar tónbókaútgefenda allra gerða nótnarita (Fræðirit + Stakrit + Smásöfn + Safnrit), útgefnum 1990-2013, skylduskráð í Þjóðarbókhöfu



## Tafla 5


### Framboð tónverka í skylduskráðum nótnaritum í Gegni

#### Nótnarit á íslensku skylduskráð í Þjóðarbókhöfðu – Útgefin 1990-2013 Skipting eftir útgefendahópum

Skýring	Tiltækt magn verka í nótnaritum			
	SÍTÓN	FÍBÚT	STEF	UF
Endurútg., erlent o.fl.	0	0	0	16.320
Fræðirit	46	47	1	0
Nótnarit með stakt tónverk	18	30	5	13
Smásafn (2-9 verk)	528	520	258	0
<b>Safnrit (yfir 10 verk)</b>	<b>174.257</b>	<b>96.462</b>	<b>6.540</b>	<b>50.495</b>
Samtals	174.849	97.059	6.804	66.828

#### Tiltækt magn tónverka í safnritum

Hvert nótnasafnrit getur innihaldið tugi eða hundruði tónverka, sem eru þar með tiltæk hvar sem ritið er til staðar. Með því að margfalda fjölda hvers rits sem var kannað með fjölda verka sem það inniheldur sést heildarframboð eða tiltæki verka í þeim ritum í kerfinu.



## **Tafla 6**

### Útbreiðsla skylduskráðra nótnarita í Gegni

#### Fjöldi þjónustustaða í Gegni með nótnasafnrit útgefin 1990-2013

<b>Staðsetning</b>	<b>Alls</b>
Grunnskólar	93
Bókasöfn	52
Framhalds- og háskólar	16
Ýmsir	5
<b>Samtals</b>	<b>166</b>

#### Útbreiðsla nótnasafnrita í Gegni

Samkvæmt undirsíðu á vefsvæði Gegnis, „Velja safn“, eru þjónustustaðir innan kerfisins um 230 talsins. Meirihluti þeirra eru almenn bókasöfn og bókasöfn grunnskóla eða u.þ.b. 170. Framhaldsskólar (þ.e. allir skólar eftir grunnskólastig) eru um 30 og aðrar opinberar stofnanir af ýmsu tagi um 30 talsins.

